

2

Þú þarft á frelsara að halda

Í verkefnum hér á undan sáum við að Guð býður okkur frið fyrir Jesú Krist. En hvernig virkar þetta nákvæmlega? Hvers vegna þurfti Jesús að deyja fyrir okkur? Og hvaða þýðingu hefur það fyrir allt mannkynið? Þessar spurningar og aðrar verða gaumgæfilega kannaðar í næstu verkefnum.

1. **Hver skapaði manninn og í hvaða tilgangi?** 1 Mósebók 1.26 _____

2. **Hvað gerði Guð eftir að hann mótaði manninn úr leir jarðar?** 1 Mósebók 2.7

Ath. Orðið „lífs“ í þessum texta er í fleirtölu á frummálinu (hebresku). Guð blés lífi alls mannkyns í Adam. Guð nefndi hann Adam, sem þýðir „maður“. Samkvæmt Biblíunni er allt mannkynið ein heild þar sem það kemur allt frá Adam. Líf allra manna er margföldun af lífi Adams. Postulasagan 17.26.

3. **Hvað mátti Adam ekki borða eftir að Guð bjó honum og konu hans dvalarstað í Edengarðinum?** 1 Mósebók 2.16-17

Ath. Guð skapaði Adam og Evu með frjálstan vilja. Þetta tré var tákn um það frelsi sem Guð gaf þeim. Þeim var frjálst að aðskilja sig frá Guði hvenær sem var. Og þegar þau aðskildu sig frá Guði, uppsprettu alls lífs, var mikil sorg á himnum því Guð þekkti þjáninguna, kvölinu, eyðinguna og dauðann sem nú yrði hlutskipti þeirra.

4. **Þar eð allt mannkynið var skapað í Adam, hversu margir urðu fyrir áhrifum af synd hans?** Rómverjabréfið 5.12

Ath. Þegar Adam syndgaði aðskildi hann sig frá Guði. Við það breyttist allt eðli hans og varð spillt. Þar sem við vorum ennþá „í honum“ þegar að hann syndgaði breyttist einnig eðli okkar vegna þess að við erfðum syndugt eðli hans.

5. **Hversu margir eru álitnir réttlátir eða góðir í augum Guðs eftir syndafallið?** Rómverjabréfið 3.9-12; Prédikarinn 7.20; Jesaja 64.6

6. Þar sem syndin er almennt vandamál, hversu margir eru sekir eða fordæmdir frammi fyrir lögmáli Guðs? Rómverjabréfið 3.19

7. Hversu margir hafa syndgað og hver er eina von okkar? Rómverjabréfið 3.23-24

8. Hvað segir Davíð um sjálfan sig sem á einnig við um okkur öll? Sálarnir 51.5

Ath. Syndin er ástand eða eðli sem við öll erfum við fæðingu. Hún er eitthvað meðfætt vegna falls Adams. Þar af leiðandi getum við ekkert gert í eigin mætti til þess að flýja hana. Hinsvegar er þetta ekki okkar sök og Guð ásakar okkur ekki fyrir að fæðast með syndugt eðli.

9. Hvert er ástand okkar frá fæðingu? Sálarnir 58.3

Ath. Við fæðumst aðskilin frá Guði. En þrátt fyrir að við séum syndarar frá fæðingu hefur Guð gefið okkur það val að geta flúið þetta vandamál fyrir tilstilli fagnaðarerindisins um Jesú Krist.

10. Á hvaða hátt erum við sem syndarar í sömu aðstæðum og sauðir? (2 atriði) Jesaja 53.6

Ath. Við erum sjálfstærðir að eðlisfari. Þannig er það bara! Segjum sem svo að ég slái blettinn fyrir nágrannakonuna í hverri viku. Allir myndu hugsa að ég væri „góð“ manneskja, en Guð lítur á hjartað. Ástæðurnar fyrir því að ég geri þetta geta verið margar: Kannski vil ég fá hrós frá öðrum, kannski vil ég fá eitthvað frá henni svo ég kem mér í góða stöðu til þess að biðja um það, kannski bý ég við erfiðar fjölskylduaðstæður og vil fá uppörvun einhversstaðar. Ég gæti jafnvel verið að gera þetta góðverk því ég heyrði að hún hafi fullar hendur fjár og er farin að nálgast grafarbakkann. Við áttum okkur oft ekki á því hvers vegna við gerum eitt eða annað! Ástæðan er falin djúpt í hjarta okkar eða undirmeðvitundinni.

11. Hvers vegna getum við ekki treyst hjarta okkar? Jeremía 17.9

Ath. Þar sem hjarta okkar dregur okkur á talar, blekkjum við okkur með því að halda að við séum góð, að við getum frelsað okkur sjálf í Guði með því að gera góð verk. Pétur er gott dæmi um það hve svikult hið synduga hjarta er. Pétur lofaði Jesú að hann myndi frekar deyja en að svíkja hann og hann trúði þessu sjálfur. Hann var einlægur. En þegar á reyndi afneitaði hann herra sínum þrisvar. Markús 14.27-31.

2-3

12. Hvað segir Jesús, hið sanna vitni, um sjálfsmat okkar? Opínberunarbókin 3.17

Ath. Vandamál flestra okkar er að við áttum okkur ekki á því hve syndug við erum. Við höfum í raun engan skilning á raunverulegu ástandi okkar. Vandamálið er að oft berum við okkur saman hvert við annað til þess að sjá hvernig okkur gengur. Segjum sem svo að við séum að skjóta örvum í mark sem er staðsett á himni. Ein örin fer tuttugu metra, önnur aðeins þrjá en sú þriðja flýgur 50 metra. Við segjum að þriðja örin sé öruggur sigurvegari – en hvað með ef skotmarkið er sólin? Við erum öll sorglega fjarri hinum fullkomna staðli Guðs.

13. Hvað er það eina sem getur virkilega leyst okkur úr fjötrum syndarinnar?

Jóhannes 8.32

14. Hvað sýnir það fram á að við syndgum stundum á móti því sem við raunverulega viljum? Jóhannes 8.34

*Ath. Við erum ekki syndug af því að við syndgum. Við syndgum vegna þess að **eðli okkar er syndugt**. Synd er ávöxturinn sem allir gefa af sér. Eplatré gefur af sér epli af því að það er eplatré. Við syndgum vegna þess að við erum syndug. Það er eðlileg tilhneiging hjá okkur sem við öll fæðumst með. Aðeins Guð getur leyst þetta fyrir okkur.*

15. Hvar finnum við frelsi frá þrældómi syndarinnar? Jóhannes 8.36

16. Hvers vegna kom Jesús í heiminn? 1 Tímóteusarbréf 1.15

17. Hvað segir Biblían um þá sem segja „vér höfum ekki synd“? 1 Jóhannesarbréf 1.8

18. Um hvað ásökum við Guð þegar við segjum að við höfum ekki syndgað?

1 Jóhannesarbréf 1.10

Ath. Ástæðan fyrir því að orð Guðs segir okkur að við séum syndarar er til þess að sýna okkur að við þörfnumst frelsara. Þegar við áttum okkur á því að við erum algerlega syndug verður fagnaðareriðið það besta sem við höfum nokkurn tímann heyrt.

2-4

19. Hvað er það sem Guð gerir fyrir okkur ef við játum syndir okkar fyrir honum?

1 Jóhannesarbréf 1.9

a. _____

b. _____

Samantekt: Guð er ekki að reyna að sjá hversu mörgum hann getur haldið frá himninum. Þvert á móti, í kærleika sínum er hann að gera allt sem hann getur til þess að gera það mögulegt að hver og einn geti verið þar.

Lausn Guðs á vanda syndarinnar var dauði Jesú á krossinum. Í næsta verkefni munum við kanna hvað gerðist nákvæmlega á krossinum. Af hverju varð hann að deyja? Hvað gerði hann fyrir allan heiminn sem við vitum ekki um og hvaða áhrif hefur það á mig persónulega?

Svör við nr. 2

Spurning 1 – Guð og til að drottna yfir jörðinni

Spurning 2 – Guð blés lífsanda í nasir hans

Spurning 3 – Af skilningstré góðs og ills

Spurning 4 – Allir

Spurning 5 – Enginn

Spurning 6 – Allir

Spurning 7 – Allir, Jesús er eina von okkar

Spurning 8 – Við erum öll syndug frá fæðingu

Spurning 9 – Ranglæti

Spurning 10 – Vér fórum allir villir vega, stefndum hver sína leið

Spurning 11 – Hjörtu okkar eru spillt

Spurning 12 – Við erum vesalingar, aumingjar, fátæk, blind og nakin

Spurning 13 – Sannleikurinn mun gjöra okkur frjáls

Spurning 14 – Við erum þrælar syndarinnar

Spurning 15 – Í Jesú

Spurning 16 – Til að frelsa syndara

Spurning 17 – Við svíkjum okkur sjálf og sannleikurinn er ekki í okkur

Spurning 18 – Við ásökum hann um að vera lygara

Spurning 19 – a- Fyrirgefur okkur b- Hreinsar okkur